



AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Jan 2011

1. tbl. 18. árg.

Meðal efnis:

Veiðileyfin

- Nú er um að gera að sækja um

Aðalfundurinn

- Muna að mæta

Uppskriftin

- Jú hún er á sínum stað

Grillaðir stangaveiðimenn

- Ja - hvað skyldi það vera

Hlíðarvatn - samantekt

- Myndræn samantekt um 2010

Vinir vatnsins

- Fundargerð þessa hóps

Félagafundurinn

- Údráttur úr fundargerðinni

Takið Eintak

Hér fyrir neðan:

Frá opnu húsi á síðasta ári.



Munið aðalfund SVH 12. febrúar
Upplýsingar á bls: 4



INTERSPORT
Lindum Skógarlind 2, sími: 585 7239
Húsgagnahöllinni, sími: 585 7239
VEIÐIDEILD
OPIÐ 7 DAGA VIKUNNAR



Uppskriftin

Steiktur silungur með möndlum

Hráefni:

4 silungsflök
hveiti
200 g smjör
2 msk olía
½ bolli möndluflögur
salt
pipar

Aðferð:

Rist (með beittum hníf) er í roðhlið silungsflakanna á ská.
Olían er hituðu á pönnu. Silungnum velt upp úr hveitinu og hann settur á pönnuna og kryddaður með salti og pipar. Smjóri er bætt á og silungurinn steiktur í 3-4 mínútur á hvorri hlið við meðalhita. Síðan er silungurinn settur á diskka og möndlurnar ristaðar á pönnunni og settar yfir hann. Gott er að hafa soðnar kartöflur með.

Úr bókinni: Ljúfmeti úr Laxi og Silungi

Allt hráefnið fæst í Fjarðakaupum



FJARÐARKAUP

Verslun Veiðimannsins

Formaðurinn


Gleðilegt ár góðir félagar og stórveiðimenn!

Enn eitt árið leggjum við í ánn með hækkanði sól, full bjartsýni og tilhlökkunar fyrir komandi veiðitímabil, kannski með hugmyndir að nýjum leynivopnum sem hnýtt verða á opnum húsum til vors, eða bara góðar minningar frá liðnu sumri.

S.l. ár var félaginu okkar að mörgu leyti gott, vel sótt í veiðisvæðin okkar og Kleifarvatn náði algerlega nýjum hæðum í aðsókn en þar seldust veiðileyfi fyrir nálægt 400. þús sem verður nú teljast nokkuð viðundandi áfangi á þeirri leið sem lagt var uppí fyrir nokkrum árum, þegar sumarsalan í vatnið nam einungis nokkrum tugþúsundum!

Gróskan í félagsstarfinu var góð og fjöldinn allur af frábæru fólki sem starfar í nefndunum okkar, sem vel hefur gengið að manna og halda við! Félagsmenn voru einnig duglegir að sækja opin hús og viðburði, ekkert félag er í raun meira en þátttaka og starf félagsmanna, megi okkur í stjórn bera gæfa til að viðhalda þessu og helst bæta í! Haldinn var félagsfundur í lok ársins og þótt ég hefði gjarnan viljað sjá fleiri mæta þar vil ég þakka þeim góða hópi (um 40 manns) sem kom og tók þátt í góðu spjalli um félagið okkar og munum við í stjórn hafa það að leiðarljósi í komandi starfi.

Framundan eru m.a. umsóknir um veiðileyfi, aðalfundur, opin hús og m.fl. Að þessu sinni verða gerðar nokkrar smávægilegar breytingar á vinnubrögðum við úthlutanir veiðileyfa, t.a.m. geta einungis skuldlausir félagar sótt um veiðileyfi, einnig verður við úthlutun veiðileyfa lagt allt kapp á að enginn verði útundan í eftirspurn eftir veiðileyfum í Hlíðarvatn á hinum vinsæla tíma í maí og júní, þannig verða menn að hafa skilning á því að ekki er hægt að fara fram á að fá marga stangardaga á þessu tímabili, þar sem eftirspurn er margföld m.v. framboð! Það er jafnframt von okkar að félagar verði duglegri að dreifa umsóknum sínum á allt sumarið en verið hefur, s.l. sumar var veiðin t.d. síst verri í júlí, en mánuðina þar á undan og síðsumars og haust má gera frábæra veiði, gleymum því ekki! Sjáumst hress á opnum húsum í vetur og fjölmönnum á aðalfundinn!!



Kveðja Hansi

Aðalfundur SVH 2011

Aðalfundur Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar verður haldinn laugardaginn 12. febrúar 2011, kl. 14:00 í samkomusal félagsins að Flatahrauni 29.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf og bikarafhending.

Engar tillögur um lagabreytingar liggja fyrir fundinum.

Framboð til stjórnar og varastjórnar:

Samkvæmt lögum félagsins skal skila skriflegum framboðum til setu í stjórn SVH, eigi síðar en hálfum mánuði fyrir aðalfundinn.

Þann 29.1.2011 þurfa því framboð að vera komin til félagsins.

Félagar eru hvattir til að mæta.

Kaffi og vöffur að loknum aðalfundarstörfum

Unglingastarf SVH

Hefurðu gaman af því að starfa með unglingum?

Viltu taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu ungliðastarfs okkar hjá SVH?

Ertu með ungling á aldrinum 10 til 16 ára sem hefur gaman af veiðiskap og vill fylgja þér í þínum veiðiskap?

Þá er fátt annað í stöðunni en að kíkja á aðalfundinn sem er auglýstur hér að ofan og bjóða sig fram til að starfa í uSVH.

Stjórn SVH

Ritstjórinn

AGNIÐ

Útg.: Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar.
Flatahrauni 29, 200 Hafnarfjörður.

Sími: 5654020

Netfang stjórnar: stjorn@svh.is
Netfang ritstjórnar: webmaster@svh.is

Veffang: www.svh.is

Ábyrgðaraðili: Hans Unnþór Ólason

Ritstjórn: Ævar Ágústsson

Sími: 6699240



Jæja nú er runnið af stað eitt veiðiárið enn. Það er alltaf gaman í upphafi árs að planta veiðiferðum, passlega mörgum í hvern mánuð yfir sumarið, huga að veiðisögum í líkingu við þær sem ég er að lesa núna í bókinni "Lax á færi" sem Víglundur Möller tók saman og kom út um 1963, þar kunnu menn að setja saman veiðisögur, hvort heldur á sviði lýsingar sem tengdust náttúru í kringum veiðisvæði, eða veiðistaðirnir og aflinn.

Einnig veigruð veiðimenn sér ekki við að segja veiðisögur í einn og hálfan sólahring samfleitt þegar ekki var hægt að veiða vegna veðurs.

Þar má finna frásagnir af fiskum sem komust vart fyrir í ánni vegna stærðar, eða heildarafla tveggja veiðimanna, úr einni á, 77 laxa upp á 847 ensk pund (líklega um 384 kg á okkar máli í dag), undir hvaða kvótaskilmála veiðileyfishafa myndi sá afli falla í dag?

Það eru kannski ekki svona sögur sem ég er að biðja um, þarna er klárleg farið fullgrímt á svig við sannleikann, en samt væri gaman að fá sendar frá ykkur einhverjar sögur. Ég veit að flestallir luma á einni og einni - það má ávallt laga þær til og "létt staðfæra" eftir þörfum.

Ég veit að ég hef tæpt á því áður en það væri gaman að fá eins og einn og einn pistil frá ykkur félagar góðir.

*Kveðja;
Ævar*

Vilt þú Agnið rafrænt?

Vilt þú ágæti félagi fá Agnið sent rafrænt í stað pappírs formi? Ef svo sendu okkur póst á stjorn@svh.is með helstu upplýsingum um þig, nafn og kt, helst félagsnúmerið þitt, við munum svo nota netfangið sem þú sendir frá - til að senda þér blaðið rafrænt í stað pappírs.

Agnið verður þá á pdf formi, alþekkt form sem flestallir þekkja. Við munum þó áfram senda umsóknareyðublöð og slíkt á pappír.

*Kveðja
Stjórn SVH*

Vetrardagskrá SVH 2011

27. jan	Opið hús - Hnýtingar og spjall
3. feb	Kynning. Joakim 's verður með vörukynningu
10. feb	Opið hús - Hnýtingar og spjall
12. feb	Aðalfundur SVH
17. feb	Opið hús - Hnýtingar og spjall
24. feb	Kynning. Gestur verður Guðni Guðbergsson fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun.
3. mar	Opið hús - hnýtingar og spjall
10. mar	Opið hús - hnýtingar og spjall
17. mar	Kynning. Jóhannes Sturlaugsson líffræðingur kemur í heimsókn og segir frá rannsóknum í þingvallavatni og Kleifarvatni o.fl..
24. mar	Opið hús - hnýtingar og spjall
7. apr	Opið hús - Fáum matsveinn í heimsókn
14. apr	Opið hús - hnýtingar og spjall
20. apr	Lokahóf, Kvöldið fyrir Sumardaginn fyrsta.

*Kveðja
Nefndin*



Frá opnu húsi

Grillaðir stangaveiðimenn

Nýlega voru opnuð tilboð í litla laxveiðiá á Vesturlandi, sem væri kannski ekki í frásögur færandi ef lítið væri framhjá þeim upphæðum sem boðnar voru í þetta veiðisvæði. Tvö lítil áhugamanna stangaveiðifélög gerðu með sér samkomulag um að bjóða saman í pakkann, héldu í einfeldni sinni að á þessum tímum gætu þau kannski ráðið við þessa stærðargráðu og jafnvel að menn myndu nú reyna að gæta einhvers hófs í tilboðum og hugsa um hinn almenna íslenska stangaveiðimann sem löngu er búið að mála út í horn með verðlagningu veiðileyfa. En þeim varð ekki að ósk sinni, og hefðu svosem mátt segja sér það fyrirfram eftir að hafa fylgst með fréttum á þessum markaði þar sem ekkert lát virðist ætla að verða á yfirboðum í veiðisvæði, þrátt fyrir allt tal um kreppu.

Eftir að hafa legið vandlega yfir verði veiðileyfanna í ánni, gefa sér ákveðnar forsendur um lágmarksframlegð og hag félagsmanna okkar var ákveðið að spenna bogann að „sársaukamörkum“

og bjóða sem gæti kannski svarað til um 30% hærra verðs en ætla mætti að greitt væri fyrir ána núna! En þessi markaður hefur tekið miklum breytingum undanfarna áratugi og lítil áhugamanna stangaveiðifélög hafa mátt láta í minni pokann fyrir fjársterkum fyrirtækjum sem rekin eru með gróðasjónarmiðum að leiðarljósi. Ekkert við því að segja svosem, þetta er bara lögmál markaðarins um framboð og eftirspurn, eða það hefur



Lítið ársvæði sem tengist

þó ekki pistlinum

okkur allavega verið talin svo ýtarlega trú um undanfarin ár að við heilapvott jaðrar, og á öllum

öðrum sviðum en stangaveiði líka. Enginn getur láð landeigendum að vilja fá sem mest fyrir sinn snúð, það er bara eðlilegt og ekki hægt að ætlast til þess að þeir hafi hag annara að leiðarljósi, eða hvað?

En hver er markaðurinn?? Eru það ekki við stangaveiðimenn? Ég hélt það, og meðan við látum bjóða okkur þá staðreynd að venjulegur áhugamaður um stangaveiði í straumvatni hefur ekki efni á að kaupa sér veiðileyfi nema á jaðartímum í ódýrustu ánum er ekki nema von að illa fari. Þjóðarsálin okkar virðist ekki þekkja neitt annað en að láta bjóða sér hvað sem er, við gerum lítið í málinu, við mótmælum helst ekki, við sniðgöngum ekki vörur sem annaðhvort eru boðnar á vafasömum forsendum eða verði sem er útúr korti, við gerum akkúrat ekki rassgat í málinu !!

Það má auðveldlega reikna sig fram til þeirrar niðurstöðu með sömu aðferð og nefnd var hér að ofan að veiðileyfin í þessari litlu á muni hækka um 60 til 70 % eftir komandi sumar, ímyndið ykkur það! Mun einhver hugsa sig um tvisvar áður en hann lætur bjóða sér þetta og kaupir ??

*Hans Unnpór Ólason
form. Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar*

Vinir Vatnsins

Þau stangaveiðifélög sem eru með aðstöðu og veiðileyfi í Hlíðarvatni mynda hópinn "Vinir vatnsins". Hópurinn hittist a.m.k. einu sinni á ári til að stilla saman strengi sína með hreinsun, eftirlit og annað sem lýtur að Hlíðarvatni. Hér á eftir og næstu tveim blaðsíðum má glöggva sig á fundargerð síðasta fundar hópsins.

Fundargerð

Fundur um málefni Hlíðarvatns í Selvogi haldinn í Skíðaskálanum í Hveradölum 6. nóvember 2010

Mæting:

Til fundarins mættu fulltrúar frá öllum félögunum. Frá Árbliki mætti Elías Hafsteinsson, formaður, frá Ármönnum mættu Halldór Sigurðsson og Sveinn Agnarsson. Árni Árnason og Rafn Hafnfjörð mættu frá Stakkavík. Hans Unnþór Ólason, formaður og Vignir B. Árnason mættu frá Stangaveiðifélagi Hafnarfjarðar og Agnar Pétursson mætti frá Stangaveiðifélagi Selfoss.

Dagskrá:

1. Veiðisumarið 2010 – Skýrslur frá félögunum
2. Ástand fiskistofns í vatninu – Fyrirstaða vegna flundru
3. Innbrot í veiðihúsin – Öryggismál
4. Hús Sveins Kjartanssonar
5. Mismunandi verð veiðileyfa eftir mánuðum – sala til annarra
6. Vegur í kringum vatnið – tengingar við Suðurstrandarveg
7. Hreinsun við vatnið vorið 2011 - 16. og 17. apríl 2011
8. Önnur mál
9. Næsti fundur 5. nóvember 2011, kl. 10:00 – 12:00.



Við Hlíðarvatn

Vinir Vatnsins framh

Samþykktir:

1. Efna til Veiðidags Hlíðarvatns í september 2011 á sunnudegi milli kl. 10:00 og 15:00 þar sem félagar úr stangveiðifélögunum leiðbeindu börnum og unglingum um veiði í vatninu. Aðgangur að vatninu yrði ótakmarkaður og án endurgjalds. Félögin þurfa að taka frá þennan dag við sölu veiðileyfa. Til greina koma t.d. 4. eða 11. september 2011. Félögin þurfa að tilgreina hvorn daginn þau vilja heldur.
2. Kanna kostnað við gerð bæklinga eða myndbands um veiði í Hlíðarvatni. Félögin komi með ábendingar um þrjá menn úr sínum hópi sem ræða mætti við um veiði í vatninu. Rafn kanni kostnað.
3. Veiðifélögin sendi veiðiskýrslur sínar á rafrænu formi til Stakkavíkur. Skýrslunum verði síðan dreift til félaganna með skýrslu frá Árbliki en sú skýrsla lá ekki fyrir á fundinum.
4. Hreinsunarhelgin við Hlíðarvatn verður dagana 16. og 17. apríl 2011.
5. Næsti fundur verður 5. nóvember 2011, kl. 10:00 til 12:00.



Oft er “þéttskipaður bekkurinn” við Kaldósinn

Málsmeðferð og umræður

1. Félögin gáfu skýrslur um veiði sumarsins. Alls veiddust 2.653 bleikjur í vatninu sem skráðar voru í veiðibækur. Aflinn skiptist þannig að Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar var með 967 bleikjur, Ármenn voru með 622 bleikjur, einn lax og eina flundru sem ekki teljast með, Stangaveiðifélag Selfoss var með 374 bleikjur, Árblik með 545 bleikjur og Stakkavík með 145 bleikjur. Veiðin í fyrra (2009) var eins sú mesta hins síðari ár og meiri en í ár. Veiðin 2010 er hins vegar yfir meðaltali síðustu ára og nálægt meðaltali heildarveiðinnar frá 1999 (2.852 bleikjur). Enn sem fyrr virðist sókn dræm í vatnið seinni hluta veiðitímans, sérstaklega í september, þó að sá tími geti oft gefið mjög góða veiði.

framh.

Vinir Vatnsins framh

Krókurinn og Peacock voru vinsælustu flugurnar hjá SVH. Sömu sögu er að segja af Ármönnum. Selfyssingar og Stakkavíkurmenn höfðu Pheasant Tail í mestu uppáhaldi. Stærsti fiskur í veiðibók SVH var 2,2 kg, í bók Ármanna er getið 59 cm fisks sem veiddist 12. maí og á Stakkavíkurlleyfi fékkst 3.5 kg bleikja hinn 4. júlí 2010. Henni var sleppt og er hún vonandi enn við góða heilsu í vatninu.

2. Enn liggur ekki fyrir hver eru áhrif af fyrirstöðu til varnar uppgöngu flundru í vatnið. Yfirborð vatnsins var um 10 cm hærra í apríl 2010 en það var í apríl árið áður, 2009. Fyrr á árum var yfirborð vatnsins mun hærra en það er nú.

3. Innbrot í veiðihúsin hafa verið tíð að undanförmu. Var húsbúnaði stolið bæði úr veiðihúsi SVH og Stakkavíkur. Nefnt var að tvær ástæður lægju að baki innbrotum, til þess að stela og til þess að vera. Erfitt væri að verjast þjófnadiniðum en setja mætti upp skynjara sem gerði viðvart um innbrot þannig að



“Fyrirstaðan” sem minnst er á í fundargerðinni

ganga mætti úr skugga um að enginn hefði sest að í húsinu eða að það stæði opið fyrir veðri og vindum eftir innbrotið. Eftir fundinn hafa tveir fundarmenn varpað upp þeirri hugmynd að félögin skiptu á sig vikulegum eftirlitsferðum í húsin við vatnið í vetur og fram á vor.

4. Fundarmenn tóku vel í þá hugmynd að setja upp aðstöðu með borði og bekkjum þar sem nú stendur hús Sveins Kjartanssonar í óleyfi. Sveinn keypti húsið til brottflutnings á uppboði, neitaði að flytja húsið, en hefur nú tapað máli fyrir Hæstarétti að húsið fái að standa þarna áfram (dómur nr. 576/2010 frá 12. október 2010). Einnig mætti setja þarna upp kynningu á lifríkinu í og við vatnið og sögu Stakkavíkurbæjarins.

5. Ræddar voru hugmyndir um betri nýtingu veiðileyfa. Tvær hugmyndir voru samþykktar undir þessum lið, sjá 1. og 2.

6. Rætt var um framtíð vegar með vatninu. Spurt var hvort ekki mætti biðja sveitarfélagið að óska eftir að vegagerðin skilaði veginum í góðu, akfæru ástandi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið fyrir hádegi. Fundargerð ritaði Árni Arnason.

Hlíðarvatn tölulegar staðreyndir

Hér á næstu síðum má sjá "tölulegar og myndrænar" staðreyndir um veiði SVH í Hlíðarvatni.

Hlíðarvatnsnefnd tekur saman öll gögn úr veiðibókum vatnsins og setur fram á aðgengilegan máta.

Ef rýnt er í tölurnar má sjá að Botnavíkin hefur gefið flesta fiska (194 stk). Einnig má sjá að flugurnar Krókurinn, Peacock og Alder eiga saman 385 fiska. Með þetta í huga væri ábyggilega skothelt að fara með þessar þrjár flugur í Botnavík - værum við þá ekki örugg með að fá fisk?

Hérna fyrst er tafla yfir meðalþyngd og stærsta fisk skráðan í veiðibók hjá okkur í SVH.

Svo er það veiðin hjá okkur miðað við heildarveiði í Hlíðarvatni samkv. tölum frá Veiðimálastofnun.

Svo eru það helstu veiðistaðir okkar í SVH, helstu flugur og svo skipting veiðinnar eftir mánuðum. Síðan er það fjöldinn pr mánuð og þyngdardreifing.


Ár	Meðal þyngd	Stærsti fiskur samkv veiðibók SVH
2004	0,64 kg	3,00 kg
2005	0,68 kg	2,50 kg
2006	0,62 kg	2,60 kg
2007	0,65 kg	2,70 kg
2008	0,54 kg	2,00 kg
2009	0,51 kg	4,50 kg
2010	0,48 kg	2,20 kg




Hér til hliðar:
Flott júliveiði úr
Hlíðarvatn

Hlíðarvatn tölulegar staðreyndir

Hlíðarvatn 1995 - 2010




Hlíðarvatn - Helstu veiðistaðir 2010




Hlíðarvatn tölulegar staðreyndir



Hlíðarvatn - Helstu flugur 2010



Hlíðarvatn 2003 - 2010



Hlíðarvatn tölulegar staðreyndir



UMSÓKN VEIÐILEYFA

Hér með fylgir umsóknareyðublað fyrir veiðileyfi á vatnasvæðum félagsins sumarið 2011. Athugið að tilgreina skal nákvæmlega þann dag/daga, sem óskað er eftir, en í athugasemdum má taka fram, hvaða annar dagur eða tímabil komi til greina. Við úthlutun er tekið tillit til, hversu margir félagar sameinast í umsókn um ákveðinn dag. Af gefnu tilefni er bent á, að erfiðlega getur reynst að uppfylla óskir þeirra félaga, sem sækja einir um fleiri en eina stöng í Hlíðarvatni á eftirsóttum tíma. Annað sem verður að benda er að ekki er lengur heimilt að skila stökum stöngum úr heilum hollum. Geti menn ekki nýtt sér það sem þeir sækja um og fá, verða þeir sjálfir að sjá um að losna við stöngina sína.

Vinsamlegast skráið heima- og vinnusíma á umsóknina ásamt tölvupóstfangi!

***Skilafrestur er til laugardags
5. febrúar 2011 fyrir kl: 18:00***

ATH - ATH - ATH

Ekki verður tekið við umsóknum eftir þann tíma.

ATHUGIÐ! Einungis skuldausir félagar geta sótt um. Við minnum á að þeir sem sækja um og kaupa leyfi hjá félaginu eiga einnig kost á að kaupa sumarkort í Kleifarvatn á kr. 2.000

Auk þessa verður veiðikortið 2011 til sölu við úthlutun hjá okkur á kr. 5.500

Hlíðarvatn

HLÍÐARVATN í Selvogi, bleikjuveiði

Þetta frábæra veiðivatn í einungis 45 mínútna fjarlægð frá Hafnarfirði og hefur um árabil verið eitt virtasta og gjöfulasta veiðivatn landsins, leyfilegt agn: **Fluga og spúnn.**

Félagið hefur til umráða fimm stangir á dag og er veiðitíminn frá 1. maí til 30. september. Verð á stöng er mismunandi eftir tímabilum. Í maí, júní og júlí er verðið kr. 5.000 á virkum dögum og kr. 6.000 um helgar. Í ágúst og september er verðið kr. 3.000 á virkum dögum og kr. 4.000 um helgar. Afnot af mjög góðu húsi eru innifalin og **má koma í hús og hefja veiði kl. 18:00 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18:00 á skráðum veiðidegi.**

Síðustu helgina í apríl ár hvert er farið austur að Hlíðarvatni til hreinsunar á fjörum og landi, nú er það reyndar helgin 16.4. til 17.4. Félagsmenn eru hvattir til að mæta í þá ferð.



- Svona á þetta bara að vera

Djúpavatn

DJÚPAVATN á Reykanesi, bleikja og urriði

Sannkölluð fjölskylduparadís við túnfótinn, ½ tíma akstur frá Hafnarfirði, veiðihús með 8 – 10 svefnplássum, gott útigrið og fallegt umhverfi. Ekki er takmarkaður stangarfjöldi og heimilt að veiða af bát. **Athugið að ef sótt er um samliggjandi helgardaga, þá eru föstud. - laugard. saman og sunnud. - mánud. saman.**

Verð fyrir húsið og allt vatnið er eftirfarandi:

12.000 kr. á dag á virkum dögum og 15.000 kr. á dag um helgar.

Gilda sömu reglur um komu í hús og fyrir Hlíðarvatn, þ.e. **koma má í hús og hefja veiði kl. 18 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18 á skráðum veiðidegi.**

Veiðitímabil er frá 15. maí til 25. september. Á hverju sumri er sleppt talsverðu af vænum fiski í vatnið, svo verður einnig núna.



- Við Djúpavatn í blíðskapar veðri.

Kleifarvatn

KLEIFARVATN, bleikja og urriði

Seld verða sumarkort og veiðileyfi einstaka daga eins og áður. Verð sumarkorta, sem seld eru á skrifstofunni, er kr. 2.000 en kr. 3.000 til utanfélagsmanna og kr. 1.000 fyrir 67 ára og eldri. Sumarkort seld annarsstaðar kosta kr 3.000.

Steinsmýrarvötn

Steinsmýrarvötn er skemmtilegt fjöggra stanga veiðisvæði í Skaftárhrepp, rétt við Kirkjubæjarklaustur. Vötnin samanstanda af tveimur vötnum og svo lækjum sem renna á milli þeirra. Steinsmýrarvötn eru staðsett fyrir neðan bæinn Syðri – Steinsmýri og er göngufæri frá veiðihúsinu að vötnunum.

Í Steinsmýrarvötnum er staðbundin bleikja og urriði ásamt sjóbirtingi og sjóbleikju. Frábær vorveiði er í vötnunum og eru sum hollin að fá allt upp í 80 fiska í holli. Í júní og júlí veiðist vel af urriða og bleikju. Bleikjan er gríðarlega væn og meðalþyngd á henni hefur verið rúm 3 pund. Í ágúst byrjar svo sjóbirtingur að ganga og eru oft vænir sjóbirtingar 8-10 pund innan um. Heildarveiði síðustu ára

Árið 2010 Veiddust alls 1.100 fiskar

Árið 2009 Veiddust alls 1.162 fiskar

Árið 2008 Veiddust alls 835 fiskar

Árið 2007 Veiddust alls 843 fiskar

Veiðihús: Gott veiðihús fylgir Steinsmýrarvötnum, það er 40 fm² + svefnloft og í því eru 2 herbergi með kojum og svefnloft með dýnum. Geta hæglega um 8 manns gist þar. Allt til alls er í húsunum eins og sturta, sjónvarp og gasgrill og er heitur pottur á pallinum og vöðlugeymsla í skúr fyrir utan.

Leyfilegt agn í Steinsmýrarvötnum er fluga og spúnn, en mælst er til þess að menn veiði engöngu á flugu. Kvóti er á veiðinni, leyfilegt er að hirða 3 fiska á stöng á dag eftir það má veiða og sleppa.

Eftir 10. október skal öllum sjóbirtingi sleppt.

ATHUGIÐ AÐ STANGIRNAR FJÓRAR ERU ALLTAF SELDAR SAMAN

Veitt er frá hádegi til hádegis.

Sjá nánar á www.steinsmyrarvotn.is

Í boði er:

Dags.	Dagafjöldi	Stangarfjöldi	Verð pr. st á dag
11.4. til 13.4.	2 dagar	4 stangir	11.300
1.5. til 3.5.	2 dagar	4 stangir	10.300
17.5 til 19.5.	2 dagar	4 stangir	10.300
10.6. til 12.6.	2 dagar	4 stangir	8.400
26.6. til 28.6.	2 dagar	4 stangir	8.400
14.7. til 16.7.	2 dagar	4 stangir	8.400
30.7. til 1.8.	2 dagar	4 stangir	8.400
19.8. til 21.8.	2 dagar	4 stangir	10.300
4.9. til 6.9.	2 dagar	4 stangir	11.300
24.9. til 26.9.	2 dagar	4 stangir	11.300

Andakílsá

- silungur -

Stangafjöldi: 3 stangir og engin sérstök skipting svæðisins milli leyfishafa.

Veiðihús: Gott veiðihús og vel útbúið er við ána. Það stendur rétt ofan við þjóðveg í landi jarðarinnar Skeljabrekku.

Veiðisvæði: Veiðisvæðið nær frá brú við þjóðveg niður í ós og er nokkrir kílómetrar að lengd. Sjávarfalla gætir á öllu veiðisvæðinu. Þegar smástreymt er nær flóðið upp í efsta veiðistað en þegar stórstreymt er nær flóðröndin miklu ofar. Best er að veiða þegar hálfallið er út, um fjöruna og þangað til byrjar að falla að. Oft er gott að fylgja flóðröndinni. Aldrei hefur skilað neinum árangri að veiða á háflóði nema



þegar smástreymt er. Þá er hægt að dunda sér í efsta veiðistað og færa sig síðan neðar þegar fellur út. Malarbotn er á öllu svæðinu og breytir sér oft mikið á milli ára og því er erfitt að fullyrða nokkuð um hvaða staður eða staðir verða bestir næsta sumar. Á veturna rífur ísinn oft stórar grastorfur úr bökkunum og ef þær stoppa ofan í dýpstu stöðunum verða þar oft góðir legustaðir næsta eða næstu veiðiár. Allir helstu veiðistaðir eru vel merktir.

Aðkoma: Þegar veitt er í 3 – 4 efstu veiðistöðunum (ca 1 kílómetri) er best að geyma bílinn við brúna og rölta þaðan niður eftir. Þegar veitt er á neðri hluta svæðisins er ekið sem leið liggur niður að Hvanneyri en rétt áður en komið er að þorpinu er beygt til vinstri inn á afleggjara sem er merktur "Andakíll" og ekið eftir honum sem leið liggur niður að gömlu veiðihúsi. Það stendur 100 -150 metrum ofan við veiðistaðinn "Neðri klappir" en hann og næsta nágenni þar fyrir neðan er besti hluti neðra svæðisins.

Andakílsá

- silungur -

Aðstæður: Segja má að svæðið skiptist í tvo ólíka hluta. Á efri hluta svæðisins verður áin alltaf tær þegar fallið er út en á neðri partinum er hálfgerð happdrætti hvort það gerist. Á öllu svæðinu frá Borgarfjarðarbrú að ósi Andakílsár er mikill leir og kemur hann alltaf inn á aðfallinu en skolest síðan út á útfallinu. Ef áin er mjög vatnslítill í langan tíma hefur aðfallið betur í þessum leirflutningum og safnast þá mikill leir í farveginn og þá getur neðra svæðið orðið óveiðanlegt af gruggi.



Fiskur: Mest er af bleikju á svæðinu og betri matfiskur finnst ekki. Alltaf er von í að fá sjóbirting og einn og einn lax slæðist með.

Veiðivon: Vanir veiðimenn fara sjaldan fisklausir af svæðinu og eiga góða veiðivon en aðstæður á neðra svæðinu setja oft strik í reikninginn.

Agn: Veiða má á flugu, maðk og spún og er mjög misjafnt hvaða aðferð skilar bestum árangri.

Seldar eru 3 stangir á dag og benda má á að vart finnst ódýrari ársvæði svo stutt frá höfuðborgarsvæðinu.

Helgardagar eru feitletraðir, möguleiki er að kaupa aðliggjandi daga á svfr.is !

ATH! Helgardagar eru 900 kr dýrari. (dæmi 1. maí = 3.900 kr)

Dagar	Verð á stöng á dag
Apríl: 3., 7., 11., 15., 19., 23. og 27.	3.000
Maí: 1. , 5., 9., 13., 17., 21. , 25. og 29.	3.000
Júní: 2., 6., 10., 14., 18. , 22., 26. og 30.	4.000
Júlí: 4., 8., 9. , 16. , 17. , 24. og 25.	5.000
Ágúst: 1. , 2., 9. og 10.	5.000
Ágúst: 17., 18., 25. og 29.	4.000
Sept: 2., 6., 10. , 14., 18. , 22. og 26.	3.000

Hrolleifsdalsá

Áin fellur í austanverðan Skagafjörð um 18 km. norðan Hofsóss rétt sunnan við kirkjustaðinn Fell í Sléttuhlíð. Þetta skemmtilega veiðisvæði býður upp á mjög fallega sjóbleikju, urriða og laxavon.

Húsið er staðsett í landi Tjarna. Ekinn er þjóðvegur nr. 76 framhjá bænum Tjarnir sem leið liggur yfir brúna og tekinn fyrsti afleggjari til hægri.

Veiðitilhögun:

Veitt er í tvo stangardaga frá hádegi til hádegis og veitt er með þremur veiðistöngum allan veiðitímann.

Daglegur veiðitími er 7-13 og 16-22 frá 1. júní – 14. ágúst, en eftir það frá 7-13 og 15-21

Leyfilegt er að nota flugu, spón, maðk og devon frá ósi og að brúnni á Siglufjarðarvegi. Þar fyrir ofan er spónn ekki leyfður.

Hægt er að aka um neðri veiðistaði árinna en til að komast fram á dal þarf að nota tvo jafnfljóta.

Veiðihús:

Veiðihúsið hefur verið tekið í gegn að innan og er komið heitt vatn í húsið ásamt sturtu, nýtt parket á gólfum ofl. Húsið er með tveimur tveggja manna herbergjum auk svefnlofts. Húsið er rafvætt og helstu tæki eru til staðar, svo sem eldavél, ísskápur, kaffivél, brauðrist ofl.

Gasgrill er á staðnum

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag. Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Í boði er:

Dags.	Dagafjöldi	Stangarfjöldi	Verð pr. st á dag
14.7. - 16.7.	2 dagar	3 stangir	9.900,- kr.
28.7. - 30.7.	2 dagar	3 stangir	9.900,- kr.
7.8. - 9.8.	2 dagar	3 stangir	9.900,- kr
25.8. - 27.8.	2 dagar	3 stangir	9.900,- kr
4.9. - 6.9.	2 dagar	3 stangir	7.900,- kr
10.9. - 12.9.	2 dagar	3 stangir	7.900,- kr

Stangirnar eru seldar saman.

Fossálar

Staðsetning:

Fossálar eru á Síðu í V-Skaftafellssýslu um 15 km austan við Kirkjubæjarklaustur. Einn er þjóðvegur 1 sem leið liggur yfir brúna yfir Fossálana og tekinn fyrsti vegslóði til hægri af þjóðvegi 1 í gegnum merkt hlið þar er slóðanum fylgt, sem er vel merktur þar til að húsinu kemur. Veiðisvæðið nær frá landamærum gegnt Orrustuhól, rétt ofan gömlu þjóðveggarbrúarinnar og til merkja á Brunasandi þar sem veiðisvæði Vatnamóta tekur við.

Syðri-Áll er einnig með þessu svæði og eru upptök hans við hraunbrúnina, hjá veiðihúsinu og sameinast Fossálum á Brunasandi. Rétt er að veita því svæði nokkra athygli því þar er oft ágæt veiði þó svo það láti lítið yfir sér. Veiðin er bleikja fyrri hluta sumars sjóbirtingur er líða tekur á.

Veiðin var árið 2008 um 60 fiskar

Veiðitilhögun:

Veiðitímabil er frá 20. júní – 18. okt.

Leigt er út húsið fjóra daga í senn yfir sumartímann sem stendur frá 20.júní til 7. ágúst ásamt þremur stöngum frá 22. júní til 7. ágúst.

Veitt er í tvo stangardaga með skiptingu á miðjum degi og veitt er með þremur veiðistöngum allan veiðitímann.

Daglegur veiðitími er 7-13 og 16-22 frá 1. júní – 14. ágúst, en eftir það frá 7-13 og 15-21

Leyfilegt er að nota flugu, spón, maðk og devon

Seld eru leyfi til 18. október þar sem leyfi fékkst fyrir framlengingu síðasta ár, ef einhverra hluta vegna framlenging verði ekki heimiluð verða þau veiðileyfi sem seld eru þann tíma endurgreidd.

Veiðihús:

Mjög gott veiðihús er við ána og er aðstaða eins og best verður á kosið. Húsið er rafvætt og í því eru tvö þriggja manna herbergi. Húsið er staðsett við hraunjaðarinn við Syðri-Ál í ákaflega fallegu umhverfi, en náttúrufegurð svæðisins er einstök. Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag. Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Í boði eru:

10-14 júlí, sumarleyfi, 1.400 kr stöngin á dag

21-23 ágúst	2 dagar	3 stangir	10.900 st á dag
12-14 sept	2 dagar	3 stangir	15.600 st á dag
12-14 okt	2 dagar	3 stangir	15.600 st á dag

Stangirnar eru seldar saman.

Reykjadalsá

Staðsetning:

Reykjadalsá í Borgarfirði á upptök sín við rætur Oks og rennur um Reykholtisdal framhjá þeim sögufræga stað Reykholti. Áin sameinast svo Flókadalsá og renna þær saman í Hvítá við Svarthöfða. Ef komið er frá Reykjavík er beygt til hægri af Þjóðvegi 1 áður en farið er yfir Borgarfjarðarbrúna og inn á Borgarfjarðarbraut (veg nr. 50) eknir eru um 30 km sem leið liggur fram hjá afleggjurunum inn í Skorradal og til Hvanneyrar og síðan framhjá syðri afleggjaranum inn í Lundareykjadal. Yfir Grímsá alla leið til Kleppjárnsreykja og er þar tekinn fyrsta beygja til hægri, ekið framhjá félagsheimilinu Logalandi, fljótlega eftir það er tekin vinstri beygja inná slóða til veiðihússins. Veiðin árið 2008 var 270 fiskar.

Veiðitilhögun:

Veiðitímabil er frá 20. júní – 28. sept.

Veitt er með tveimur veiðistöngum allan veiðitímann og geta tveir menn skipt með sér einni stöng en skulu fylgjast að við veiðar.

Seldir eru stakir dagar frá 20. júní til 1. ágúst með skiptingu á miðjum degi en eftir það eru seldir tveir dagar með skiptingu á miðjum degi einnig.

Daglegur veiðitími er 7-13 og 16-22 frá 1. júní – 14. ágúst, en eftir það frá 7-13 og 15-21. Leyfilegt er að nota flugu, spón, maðk.

Veiðihús:

Ágætis veiðihús er við ána, svokallaður A bústaður og er staðsett rétt norðaustan við félagsheimilið Logaland. Í húsinu eru tvö tveggja manna svefnherbergi og svefnloft með dýnum fyrir þrjá. Einnig er sturta, setustofa og eldhúskrókur með ísskáp, eldunarhellum og öllum helstu borð- og mataráhöldum. Við húsið er heitur pottur og nóg heitt vatn er á staðnum. Gott er að fara í pottinn og láta sér líða vel að loknum veiðidegi. Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag. Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

18-20 júlí	2 dagar	2 stangir	24.900 st á dag
15-17 ágúst	2 dagar	2 stangir	32.900 st á dag

Stangirnar eru seldar saman

Geirlandsá

Geirlandsá á Síðu er staðsett í V-Skaftafellssýslu og er án vafa ein af bestu sjóbirtingsám landsins.

Veiðivon er fyrst og fremst mjög vænn sjóbirtingur með þó nokkurri laxveiði og bleikjuvon.

Áin er 22 km löng bergvatnsá og á upptök sín í Geirlandsárbotnum sem er í 500-600 m.h.y.s. upp á vesturhálendi Kaldbaks. Fiskgengi hluti árinna er um 12 km langur sem nær upp að Hagafossi. Fyrir neðan fossinn rennur áin í hrikalega fögrum gljúfrum sem breikka svo er neðar dregur en þar fer áin að sveigja um gljúfurbotninn og rennur svo um flatlendi þar sem malarbotn er og að lokum á söndum.

Leiðarlýsing að húsi

Ekið er sem leið liggur eftir þjóðvegi 1 til Kirkjubæjarklausturs. Beygt er við hringtorgið á Kirkjubæjarklaustri og keyrt inn áfram um 3 km á veg 203 sem er Geirlandsvegur.

Þar skammt innan við bæinn Geirland er tekin vinstri beygja inn heimreiðina að veiðihúsinu sem er staðsett í skógarlundi undir fjallinu Kylli.

Veiðitilhögun

Veiðitíminn er frá 21.júní til 18.október og auk þess vorveiði (sjóbirtingur) sem hefst 1.apríl ef aðstæður leyfa.

Útseld veiðitímabil í vorveiði er tveir dagar með skiptingu á miðjum degi.

Í sumarveiði frá 21. júní til 3. ágúst eru seldir 3 dagar saman með skiptingu á miðjum degi.(hálfur, heill, heill, hálfur dagur)

Í haustveiði sem er tíminn frá 3. ágúst til 18. okt. eru seldir tveir dagar saman með skiptingu á miðjum degi.

Veitt er með fjórum stöngum allan veiðitímann.

Frá 20.september til 18.október er leyft að veiða í veiðistað númer 15 Flatarhyl og niður á neðsta veiðistað, sama gildir fyrir vorveiðina.

Heimilt er að tveir menn deili með sér einni stöng og skulu þeir fylgjast að við veiðar í ánni. Leyfilegt er að veiða á flugu, maðk, spón eða devon.

ATH. Í vorveiði er eingöngu leyft að veiða á flugu, spón og devon.

Þá er mönnum frjálst að veiða og sleppa.

5-7 apríl	2 dagar	4 stangir	10.000 st á dag
11-13 apríl	2 dagar	4 stangir	10.000 st á dag
17-19 ágúst	2 dagar	4 stangir	17.100 st á dag
10-12 okt	2 dagar	4 stangir	30.800 st á dag

Stangirnar eru seldar saman.

Félagafundur SVH

Hér á eftir er úrdráttur úr fundargerð félaga fundar SVH sem haldinn var 18.11.2010.

Teknir eru "punktarnir" sem ræddir voru, svo helstu umræður sem tengdust þeim.

Viðfangsefni: Félagafundur SVH
Fundarstjóri: Hans Unnþór Ólason
Fundarritari: Ævar Ágústsson

Fundarefni: Félagið þitt – framtíðarsýn þín !
Fundarpunktur settir upp svo var hver kafli ræddur.

Veiðisvæði

- Óbreytt ástand ?
- Aukið framboð frá samstarfsaðilum ?
- Ný veiðisvæði, einir eða með öðrum ?
- Hvað væri draumasvæði og hvað eru félagar tilbúnir til að leggja á sig til að ná því markmiði ?

Félaginu skortir nauðsynlega straumvatn til að bjóða félagsmönnum og öðrum sem væru til í að ganga í félagið ef fjölbreytni væri meiri. Nefnt var að veiðisvæði þar sem stangardagar væru á bili frá 15 – 40 þús kr. væri það sem reynt yrði að sækjast í. Ef hægt væri að koma upp slíku ársvæði gæti farið svo að félagsmenn tækju ástfóstur við slíkt svæði, þannig að þá myndu menn leggja sig frekar fram til að halda slíkri gersemi hjá félaginu. Félagið hefur hefur verið að bjóða stök holl (í straumvatn) í endursölu frá öðrum félögum, með misjöfnum árangri. Fundargestir vildu þá auka samstarf við „minni“ félögin við að bjóða í veiðisvæði.

Úthlutanir veiðileyfa – meira gegnsæi

- Óbreytt fyrirkomulag ?
- Punktakerfi ?
- Dráttur ?
- Annar tími – færa frammar ?
- Á að umbuna í úthlutunum ?

Þetta er kafliinn þar sem stjórnarmeðlimir fá mestar innanbúðarskammir fyrir. Það hafa ávallt verið og munu verða óánægjuraddir með með úthlutanir, hvernig sem þær verða / eða lenda. Töluvert vandamál er með umsóknir í maí og júní hjá SVH þar sem sótt er allt að fimmfalt um hvern dag, vandamál sem önnur félög þurfa ekki að glíma við. Úthlutun núna handvirk, reynt að láta sem flesta fá um 50% af því sem sótt er um á vinsælustu tímunum. Það eru 60 dagar í maí og júní, sótt um ca 300. Fundarmenn gáfu ekki mikið út á breytingar á núverandi handvirkni, en treystu stjórn til að meðhöndla úthlutanir á sanngjarnan máta. Þó er það verkefni fyrir stjórn að gera úthlutun betur gagnsæja til að minnka óánægju eins og framast er unnt.

Félagafundur SVH

Með tilfærslu á úthlutunum framar, t.d. í desember voru félagsmenn ekki ósáttir við þá hugmynd, en þá að greiða fyrir leyfin í janúar / febrúar svo útgjöldin komi ekki ofaní jólaverslun. Það háir félaginu töluvert að vera einna seinastir með úthlutanir, umsóknir félagsmanna mæta oft afgangi: „Versla leyfin annarsstaðar, fylla upp með leyfum frá SVH“. Stjórn þarf að skoða alvarlega flutning á úthlutunum framar.

Félagsstarfið

- Opin hús – nýngar eða svipað fyrirkomulag áfram ?
- Lokahófið ? (Kvöldið fyrir sumardaginn fyrsta) ?
- Aðalfundurinn – hvernig má glæða hann meira lífi ?
- Á að setja þak á stjórnarsetu / formennsku ?
- Agnið – óbreytt eða á tölvutæku formi í auknum mæli ?

Lögð var fram spurning hvort byrja ætti fyrr á opnum húsum, t.d. eru Ármenn byrjaðir með sitt vetrarstarf, undirtektir viðstaddra voru ekki með neinum húrrahrópum. Þeir sem tóku til máls voru þó sammála um að auka mætti fjölbreytni opinna húsa, t.d. meira af fróðleik um lífríki vatnasvæða o.þ.h. HUÓ nefndi að samþykkt hefði verið á fundi „Vina Vatnsins“ (Hlíðarvatn), að búa til veiðistaðabækling fyrir yngri veiðimenn sem eru að byrja að stunda vatnið. Með lokahófið, þar voru flestir sammála um að hraða mætti betur happadrættinu. Með aðalfundinn virðast ekki háværar raddir með breytingar. Búið að reyna að hafa hann að kvöldi og bjóða upp á veitingar að fundi loknum, hafði ekki mikil áhrif á mætingu / þátttöku. Fundargestir voru ekki hlynntir þaki á stjórnarsetu, eru fegnir ef gott fólk fáið til að starfa fyrir félagið. Meirihluti er fyrir því að fá Agnið sent einungis í tölvutæku formi. Þetta er ágætis verkefni fyrir ritstjóra og vefstjóra til útfærslu. Það yrði einnig prentað fyrir þá sem vilja prentað eintak. Sumir vilja þó meina að það sé áhrifameira að senda „alvöru póst“, í stað tölvutæks pósts. Einnig komu upp umræður að muna að senda inn myndir/efni á vefstjóra. Koma þarf hnöppum á heimasíðu þannig að einfalt sé að senda inn efni.

Fjárhagurinn – leið til efna

- Hækka árgjöld – inntökugjöld ?
- Hækka verð veiðileyfa ?
- Skera niður framkvæmdir tímabundið og viðhald í lágmarki ?
- Fara í saumana á rekstrarkostnaði ?
- Nýjar tekjulindir ?

Þurfum að eiga fyrir fyrsta ári á nýju veiðisvæði, ásamt smá afföllum. Fundarmenn töldu æskilegasta að veiðisvæðin bæru sig 100% og árgjöld / inntökugjöld sæju um rekstur félagsins sem slíks. Sá rammi hefur ekki verið skoðaður hjá félaginu, hvort það sé raunin, að veiðisvæðin sjái um sig, árgjöld um rekstur félagsins.

Félagafundur SVH

Það var nefnt að á næsta aðalfundi yrði lögð fram tillaga um hækkun árgjalda, sem var ekki klappað fyrir, en ekki heldur mikið mótmælt. Umræða var aðeins um inntökugjöld, sem eru 1x árgjald, samkv. samþykkt aðalfundar og breytingu á lögum. Hækkun árgjalda og þá um leið inntökugjalda gætu bætt einhverjum aur í kassann. Skoðað var súlurit með árgjöldum og inntökugjöldum nokkurra af minni félögunum, SVH er heldur fyrir neðan meðaltal þar. Einnig var tæpt á því að hækka leyfin á „vinsælasta“ tíma Hlíðarvatns, bæði til að auka tekjur og reyna að beina umsóknum eitthvað meira inn á sumarið, t.d. í júlí. Það þarf að koma fleiri veiðimönnum inn á þennan tíma (júlí – sept), til að auka umgengni á þeim tíma. Rædd var einnig hækkun Djúpatvatns, það voru engin húrrahróp, en klárt mál að það eru fleiri en einn um að kaupa hvern dag í Djúp.

Það er spurning með að „skammta“ aur í viðhald og framvæmdir og ath hvað hægt er að komast langt með slíkt án þess að það komi niður á umgengni og / eða aðstöðu.

Ekki komu fram margar tillögur um nýjar tekjulindir. Fundargestum leist vel á þá hugmynd að einungis skuldlausir félagar gætu sótt um veiðileyfi.



Frá félagafundinum 18.11.2010



Öll óseld veiðileyfi SVH fara á
www.leyfi.is að lokinni úthlutun og sölu

Þessi síða er laus fyrir auglýsingar
Upplýsingar: stjorn@svh.is

Hægt er að fá hinn glæsilega sal félagsins leigðan
fyrir ýmsar veislur.
Upplýsingar veitir: Sigríður s: 5653602 eða 8923037

